

Minnisblað - SSH

Til: Stjórnar SSH
Frá: Jóni Kjartani Ágústssyni
Afrit: Páll Björgvin Guðmundsson
Erindi: 1906002
Varðar: Sóknaráætlun – frumdrög að loftlagsstefnu – mæling kolefnisfótspors
Dagsetning : 14. janúar 2020

Í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 er kveðið á um þá megináherslu að minnka kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins (bls.19), með áherslu að kolefnislosun- og binding verði skilgreind og mælingu lokið fyrir árið 2022 (bls. 21). Ekki er kveðið á um hversu mikið kolefnisfótspor skuli draga saman, sem er skiljanlegt þar sem umfang kolefnisfótspors höfuðborgarsvæðisins er ekki þekkt.

Til að vinna að ofangreindri stefnu sóknaráætlunar voru sex áhersluverkefni samþykkt á 493. stjórnarfundum SSH dags. 07/04/2020 til að vinna að á árinu 2020, þ.á.m. verkefnið: *frumdrög að loftlagsstefnu*. Skrifstofa SSH skipaði sérstakan verkefnahóp til að styðja við verkefnið. Í hópnum sitja:

Birgitta Steingrímsdóttir – Umhverfisstofnun
Eygerður Margrétardóttir – Samband sveitarfélaga á Íslandi
Jón Kjartan Ágústson – SSH
Sigríður Rós Einarsdóttir – Umhverfisstofnun
Hrönn Hrafnisdóttir – Reykjavíkurborg
Sigrún María Kristinsdóttir - Kópavogur

Í samþykktari verkefnalýsingu fyrir frumdrög að loftlagsstefnu kom fram að verkefnið yrði skipt í þrjá verkhluta:

1. Mæling á kolefnisspori

Eitt af mælanlegum markmiðum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 er að minnka kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins. Til að svo geti orðið þarf að mæla núverandi kolefnisfótspor svæðisins. Mælingin verður gerð eftir viðurkenndri, alþjóðlegri aðferð. Samningur við Environice vegna vinnunnar hljóðar upp á 2.450.000 kr.-.

Staða:

Ráðgjafastofan Environice áætlað skil á mælingu á kolefnisfótspori fyrir höfuðborgarsvæðið fyrir lok janúar 2021. Verkefnaskil hafa seinkað vegna þess að öflun tölulegra gagna hefur gengið mun hægar en reiknað var með. Munar þar mestu um að ekki hefur tekist að fá næga sundurliðun á opinberum tölum um sölu eldsneytis á höfuðborgarsvæðinu sem er stærsti einstaka þáttur í heildarlosun á svæðinu. Nokkur prósent villa á þessu sviðið getur skekkt heildarniðurstöðu.

2. Ráðgjöf við mótun markmiða og aðgerða um samdrátt – drög að loftlagsáætlun

Stefnt var að því að móta markmið % um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir tímabilið 2020 – 2024 eftir að niðurstöður kolefnismælingar lægju fyrir, enda er talið nauðsynlegt að grunntölur um kolefnisfótspor liggi fyrir áður en frekari markmið og aðgerðir um samdrátt eru mótaðar.

Staða:

Vinna ekki hafin, beðið að verkhluti 1 sé kláraður.

3. Árleg mæling kolefnisfótspors

Framkvæmd árlegrar mælingar á kolefnisfótspori höfuðborgarsvæðisins til að meta stöðu á framkvæmd markmiðs.

Staða:

Gera má ráð fyrir að mæling eigi sér stað í lok árs 2021.

Næstu skref, árið 2021

Í breytingu á lögum nr. 70/2012 dags. 14. júní 2019 er kveðið á um að sveitarstjórnir skulu samþykkja loftslagsstefnu fyrir lok árs 2021. Vegna stærðar og umfang höfuðborgarsvæðisins er til mikils að vinna að ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og gegnir höfuðborgarsvæðið lykilhlutverki ef Ísland ætlar að ná að standa við loforð sín um kolefnishlutleysi og markmið Parísarsamnings. Mótun sameiginlegrar loftslagsstefnu er mikilvægt tæki til að aðstoða sveitarfélögin á þeirri vegferð.

Reykjavíkurborg samþykkti loftslagsstefnu árið 2016 þar sem kveðið var á um kolefnishlutleysi árið 2040 og aðgerðaráætlun fyrir tímabilið 2016 – 2020. Nú liggur fyrir tillaga að uppfærðri aðgerðaráætlun sem nær yfir árin 2021–2025 og er umsagnarfrestur vegna nýrrar aðgerðaráætlunar til 22. janúar. Önnur sveitarfélög hafa ekki samþykkt eiginlega loftslagsstefnu, en kveðið er á um útblástur gróðurhúsalofttegunda hjá flestum þeirra í samþykktu aðalskipulagi og/eða samþykktri umhverfisstefnu.

Að því gefnu að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu séu sammála um að þau vilji vinna að sameiginlegri loftslagsstefnu, er næstu skref við framkvæmd sóknaráætlunarverkefnis úrvinnsla á niðurstöðum á mælingu kolefnisfótspors og hefja stefnumótunarvinnu fyrir sameiginlega loftslagsáætlun þar sem leitast verður við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hversu mikill samdráttur í útblæstri gróðurhúsalofttegunda þarf að eiga sér stað til að ná fram kolefnishlutleysi á höfuðborgarsvæðinu árið 2040, sér í lagi yfir tímabil sóknaráætlunar?
2. Hvernig verður skipting samdráttar milli sveitarfélaga?
3. Hvaða aðgerðir standa sveitarfélögunum til boða til að draga úr útblæstri, hvaða aðgerðir eru áhrifaríkastar?
4. Hvernig verður fyrirkomulag og umsýsla loftlagsmála á höfuðborgarsvæðinu? Hver fylgist með stöðu mála og framkvæmd stefnunnar? Eru árlegar mælingar á stöðu mála fullnægjandi, eða þarf meira til?

Æskilegt væri að ráða ráðgjafar með sérfræðiþekkingu á sviði loftlagsmála til að aðstoða við mótun loftslagsstefnu, sbr. forsendur og spurningar hér að ofan. Líklegt er að kostnaður hlaupi á 8 – 10 milljónir kr.- ef tekið er mið af sambærilegum verkefnum sem hafa verið unnin á skrifstofu SSH. Um 2 milljónir kr.- eru enn óráðstafaðar frá árinu 2020 við framfylgd þessa sóknaráætlunarverkefnis. Einnig væri æskilegt að sveitarfélögin tilnefndu fulltrúa úr sínum röðum til að aðstoða við mótun stefnunnar – ásamt því að tryggja tengingu stefnumótunarvinnu í sveitarfélögin.

Það ætti að stefna að því að klára drög að tillögu að loftslagsstefnu fyrir sumarið 2021 og afgreiða drög til kynningar hjá sveitarfélögum til að skapa almenna sátt um verkefnið. Í kjölfarið væri hægt að afgreiða tillögu að loftslagsstefnu til afgreiðslu og hefja framkvæmd hennar.

Fyrir hönd SSH



Jón Kjartan Ágústsson
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins